

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, reiðstígur við Geysi, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. apríl 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir reiðstíg upp með Laugaá norður fyrir Geysis-svæðið og aftur að þjóðvegi til móts við Haukadal II.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. apríl 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2007